

29.3.2016

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands, 102. mál.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 16. mars 2016, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands, 102. mál.

Landgræðslan telur að hér sé fjallað um mál sem brýnt er að unnið sé að. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að einungis 600.000 ha lands geti talist hentugt ræktunarland hérlendis og að af því hafi um 120.000 ha þegar verið teknir til ræktunar. Það er því ljóst að hentugt ræktunarland er takmörkuð auðlind og mikilvægt að nýta hana sem best í þágu þjóðarinnar í framtíðinni. Landgræðslan vill þó vekja athygli á að hluti þess lands sem almennt er talið hentugt til akuryrkju eða annarar ræktunar er mjög viðkvæmt land sem þolir litla jarðvinnslu vegna uppfokshættu. Landgræðslan telur mikilvægt að við flokkun og skráningu ræktunarlands verði tekið tillit til þessa atriðis og sérstök skrá haldin um ræktunarland af þessu tagi.

Að öðru leyti gerir Landgræðslan ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu.

Með kveðju,
f.h. Landgræðslu ríkisins,
Guðm. Stefánsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs